35. fundur stjórnar Byggðasamlags Tónlistarskóla A-Hún verður haldinn þriðjudaginn 27. september 2016. nóvember að Húnavöllum, klukkan 17:00

Mætt voru: Anna Margret Sigurðardóttir, Helga Ingimarsdóttir, Róbert Kristjánsson, Jóhanna Magnúsdóttir, Einar Kristján Jónsson og Skarphéðinn Einarsson.

Anna Margret Sigurðardóttir, formaður stjórnar setti fundinn og lagði fram eftirfarandi dagskrá:

1. Reikningar Tónlistarskólans árið 2015:
2. Skólastjóri gerir grein fyrir starfi skólans:
3. Ástand kennslurýmis að Húnabraut 26, Blönduósi:
4. Staðfesting á fyrri ákvörðun stjórnar um æfingagjöld frá 34. fundi sínum:
5. Tækjakaup:
6. Minningatónleikar um Jónas Tryggvason:
7. Ákvörðun um næsta fund stjórnar:
8. Önnur mál:

**Gengið var til dagskrár:**

**Dagskrá:**

1. **Reikningar Tónlistarskólans árið 2015:**
   a. *Einar Kristján Jónsson, gerir grein fyrir reikningum ársins 2015.*
      i. *Rekstrartekjur voru 41.819.571 kr.*
      ii. *Rekstrargjöld 41.819.571 kr.*
      iii. *Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði 322.409 kr.*
      iv. *Fjármagnstekjur 245.043 kr.*
      v. *Rekstrarniðurstaða eftir fjármagnsliði 567.452 kr.*
   b. *Stjórn Tónlistaskólans samþykkir samhljóða ársreikning skólans fyrir árið 2015.*

2. **Skólastjóri gerir grein fyrir starfi skólans:**
   a. *Skarphéðinn Einarsson, fer yfir starf skólans.*
   b. *Alls eru 4 kennarar sem kenna við skólann*
   c. *87 nemendur stunda nám við tónlistaskólann, skiptast þeir þannig á milli kennslusvæða:*
      i. *22 Húnavöllum*
      ii. *33 Skagaströnd*
      iii. *32 Blönduós*
   d. *Tónlistaskólinn kennir jafnframt tónmennt í grunnskólum á svæðinu.*
   e. *Stefnt er að halda jólatónleika í byrjun desember.*
      i. *Skólastjóri var minntur á að auglýsa samkomur skólans vel.*

3. **Ástand kennslurýmis að Húnabraut 26, Blönduósi:**
   a. *Einar Kristján Jónsson og Skarphéðinn Einarsson, fara yfir ástand á bílageymslu við Húnabraut, innviðir þaks ónýtir.*
      i. *Framkvæmdastjóra falið að láta vinna útboðsgögn að endurnýjun á þaki og innviðum bílageymslu.*

4. **Staðfesting á fyrri ákvörðun stjórnar um æfingagjöld frá 34. fundi sínum:**
   a. *Stjórn staðfestir fyrri ákvörðun sína um æfingagjöld frá 34. fundi sínum frá 7. júní síðast liðinn.*

5. **Tækjakaup:**
   a. *Skarphéðinn Einarsson, lagði fram ósk um að kaupa tvö lítil hljóðkerfi á 300.000 kr.*
      i. *Stjórn samþykkir samhljóða að kaupa hljóðkerfi.*

6. **Minningatónleikar um Jónas Tryggvason:**
   a. *Jóhanna Magnúsdóttir og Skarphéðinn Einarsson fóru yfir stöðu mála vegna fyrirhugaðra minningatónleika um stofnanda tónlistarskólans Jónas Tryggvason.*
      i. *Ákveðið hefur verið að halda tónleikanna þann 5. nóvember næstkomandi. Tónleikarnir verða haldnir í Blönduóskirkju og í félagsheimili Blönduós.*
      ii. *Vel gengur að fá einstaklinga til að taka þátt í þessum tónleikum, nánari dagskrá mun liggja fyrir þegar nær dregur.*
   b. *Jóhanna Magnúsdóttir, Skarphéðinn Einarsson og Einar Kristján Jónsson munu hittast og fara yfir kynningarefni, dagskrá, fjárhagsstöðu ofl. vegna tónleikanna.*

7. **Ákvörðun um næsta fund stjórnar:**
   a. *Næsti fundur stjórnar verður haldinn 24. október klukkan 17:00 á Húnavöllum.*

8. **Önnur mál:**
   a. *Engin önnur mál voru á dagskrá*

Fleira ekki gert,

fundi slitið kl. 18:07

Fundargerð ritaði Einar Kristján Jónsson

Anna Margret Sigurðardóttir

Jóhanna Magnúsdóttir

Róbert Kristjánsson

Helga Ingimarsdóttir

Einar Kristján Jónsson

Skarphéðinn Einarsson